



# Safnaðartíðindi

# Seljasóknar

35. ÁRG. 2. TBL. aðventa og jól 2014



Tökum þátt í starfi kirkjunnar

**Í blaðinu er að finna aðventu- og jóladagskrá Seljakirkju**

## Fjölbreytt og vönduð aðventu- og jóladagskrá

Það er í senn hátiðlegur og annasamur tími framundan. Aðventa og jól eru í flestum hugum tími gleði og hamingju, þar sem boðskapur kristinnar fær hvað mest rými í samfélaginu. En þessum árstíma fylgja líka mikla annir. Í öllu annríkinu er nauðsynlegt að eiga sér athvarf og gríðarstað til þess að undirbúa hug og hjarta fyrir helga hátíð. Þá er gott að koma til kirkjunnar, njóta, upplifa og taka þátt í öllu því sem fram fer

nú á aðventu og um jólin. Dagskráin er fjölbreytt og sniðin að öllum aldurshópum eins og sjá má í þessu blaði. Það er gott að koma til kirkjunnar, finna þar uppörvun og gleði og minna sig á hinn rétta tilgang jólanna, þegar við hugsum til frelsarans í jötunni og þeirrar birtu sem hann hefur fært mannkyni öllu. Leyfum þeirri sönnu jólabirtu að skína, okkur til blessunar.

Ólafur Jóhann Borgþórsson



# Aðventukvöld með fjölbreyttri dagskrá

## - 1. sunnudag í aðventu, 30. nóvember, kl. 20.

Fyrsta sunnudag aðventunnar verður aðventukvöld kl. 20 þar sem dagskráin verður blönduð af tali og tónum. Eins og undanfarin ár munu Kór Seljakirkju syngja undir stjórn Tómasar Guðna Eggertssonar, organista og Seljur, kór kvenfélags kirkjunnar, syngja undir stjórn Svövu Kristínar Ingólfsdóttur. Auk þeirra mun fjölmennur barnakór kirkjunnar koma fram og syngja undir

stjórn Rósalindar Gísladóttur. Þá mun hinn góðkunnli leikari, Arnar Jónsson flytja okkur jólasögu og Guðmundur Hallvarðsson, fyrrverandi alþingismaður og stjórnarformaður DAS, flytur hugvekj. Að venju lýkur stundinni með því að tendrað verður á aðventukertunum. Að lokinni dagskrá verður boðið upp á heitt súkkulaði og piparkökur í safnaðarheimilinu.

## Jóla ljósaferð um borgina

### - 3. desember, kl. 16.

Jóla ljósín setja hátíðlegan svip á hús og heimili í desember. Ekki hafa allir sömu tækifæri til að njóta skreytinganna og þess vegna hafa söfnuðirnir í Breiðholti tekið höndum saman og bjóða eldri borgurum til

rútuferðar um borgina til að skoða ljósín. Lagt verður af stað frá Breiðholtskirkju kl. 16. Að ferð lokinni verður boðið upp á kaffi og piparkökur. Ferðin kostar 500 kr og þarf að skrá sig í síma 587 1500.

## „Í nánd jóla“ - kvöldstund með Páli Rósinkrans

### - 2. sunnudag í aðventu, 7. desember, kl. 20.

Annan sunnudag aðventunnar verður efnt til kvöldstundar þar sem söngvarinn góðkunnli, Páll Rósinkrans mun flytja aðventu- og jólalög í bland við fallega gospel tónlist. Inni á milli mun sr. Ólafur Jóhann flytja biblíutexta og hugvekjur til

íhugunar og uppörvunar. Þannig verður boðið til ljúfrar kvöldstundar mitt í annríki aðventunnar og hefst stundin kl. 20. Eins og með alla aðra viðburði á vegum kirkjunnar á aðventunni er enginn aðgangseyrir.



## Fréttir

### Nýir prestar

Sr. Valgeir Ástráðsson lét af embætti sóknarprests síðastliðið sumar eftir þrjátíu og fjögurra ára farsæla þjónustu við Seljasókn. Því var embætti sóknarprests auglýst laust til umsóknar og óhætt að segja að dregið hafi til tíðinda þegar um helmingur safnaðarins óskaði eftir að fram færu almennar kosningar um embættið. Tveir voru í framboði og varð niðurstaðan afdráttarlaus og hlaut sr. Ólafur Jóhann sem hefur þjónað sem prestur við kirkjuna undanfarin átta ár, embættið. Í kjölfarið var embætti prests auglýst. Sr. Bryndís Malla Elíadóttir, sem starfað hefur sem héraðsprestur í Reykjavík- prófastsdæmi eystra síðustu tíu ár var valin úr hópi þrettán umsækjenda og mun hún hefja störf við Seljakirkju nú á aðventunni. Er hún boðin velkomin til okkar og væntum við mikils af störfum hennar.

### Nýr kirkjuvörður

Guðný Skarphéðinsdóttir, kirkjuvörður lét af störfum síðastliðið haust eftir ríflega þriggja ártuga farsæl stöf fyrir kirkjuna. Starfið var auglýst og úr hópi fjórtíu umsækjenda var valin Steinunn Anna Baldvinsdóttir sem hefur jafnframt umsjón með unglíngastarfi kirkjunnar.

### Fermingarbörn söfnuðu fyrir hjálparstarfið

Í byrjun nóvember gengu fermingarbörn í Seljasókn í hús í hverfinu og söfnuðu fyrir Hjálparstarf kirkjunnar. Var safnað fyrir s.k. vatnsverkefni í Malaví. Fermingarbörnunum var víðast hvar vel tekið og söfnuðu þau 290.275 kr. sem á eftir að nýtast vel á slóðum neyðar og fátæktar.



## **Haustdagskrá í kirkjunni á Breiðholtsbylgju**

Í október var svokölluð Breiðholtsbylgja, sem er starfsdagur hjá öllum skólum og frístundaheimilum í Breiðholti. Þar sem að öll hefðbundin starfsemi skóla og frístundaheimila lá niðri af þeim sökum bauð kirkjan börnunum til fjölbreyttrar dagskrár í kirkjunni. Er óhætt að fullyrða að þessu framtaki hafi verið vel tekið og voru um sextíu börn sem nutu þess að vera í leik og starfi í kirkjunni sinni. Umsjón með deginum hafði Steinunn Anna Baldvinsdóttir.

## **Jólaperlur í Seljakirkju**

Undanfarin ár hafa Jólaperlur verið haldnar í Vestmannaeyjum við frábærar viðtökur gesta. Fluttar hafa verið margar af fallegustu og skemmtilegustu perlum jólanna úr ýmsum áttum og löndum. Nú leggur hópurinn land undir fót og kemur með dagskrána í Seljakirkju þann 6. des. kl.20. Fram koma: Trio Grande, þau Birkir Thór, Vilborg Sigurðardóttir og Sólveig Unnur Ragnarsdóttir auk Jörunnar Lilju Jónasdóttur. Aðrir flytjendur eru: Sísí Ástþórsdóttir, Íris Guðmundsdóttir, Una Þorvaldsdóttir, Helga Sóley Aradóttir, Ragnhildur Magnúsdóttir, og Snædís Högnadóttir. Hljómsveitin leikur undir stjórn Birgis Nielsen trommuleikara en með honum spila Helgi Rasmussen Tórshamar á gítar, Gísli Stefánsson á gítar, Kristinn Jónsson á bassa, Elvar Þór Eðvaldsson á slagverk og Sigmundur Sigurgeirsson á píanó. Sérstakir gestir eru, Ylfa Lind Gylfadóttir söngkona, Svanhildur Eiríksdóttir flautuleikari, Jón Bjarki Birkiðson trommuleikari og Barnakór Seljakirkju undir stjórn Rósalindar Gísladóttur. Miðaverð er 2.900 kr og rennur ágóði tónleikana í gott málefni. Hægt er að kaupa miða á [midi.is](http://midi.is).

## **Tónleikar með Karlakórnum Fóstbræðrum**

**- Sigríður Thorlacius syngur einsöng.  
- 3. sunnudag í aðventu, 14. desember, kl. 17.**

Karlakórinn Fóstbræður þarf ekki að kynna. Á hverri aðventu koma þeir til kirkjunnar okkar og bjóða upp á aðventu- og jólatónlist eins og þeim einum er lagið.

Undantekningarlaust er húsfyllir á tónleikunum, enda er frábært að njóta tónlistarinnar auk þess sem það að njóta slíkrar stundar er góður

undirbúningur jóla. Kórstjóri Fóstbræðra er Árni Harðarson, einsöngvari á tónleikunum er Sigríður Thorlacius og undirleikinn annast Tómas Guðni Eggertsson, organisti Seljakirkju. Tónleikarnir verða þriðja sunnudag í aðventu og hefjast kl. 17. Að sjálfsögðu er ókeypis aðgangur að tónleikunum.

## **Jólaball að lokinni barnaguðspjónustu**

**- 4. sunnudag í aðventu, 21. desember, kl. 11.**

Barnaguðspjónustan á fjórða sunnudeg í aðventu verður með hátíðlegu sniði, þar sem meðal annars börnin skila baukum til Hjálparstarfs Kirkjunnar. Að lokinni barnaguðspjónustu verður gengið í safnaðarsalinn

þar sem dansað verður í kringum jólatréð við undirleik Tómasar Guðna og rauðklæddir gestir koma í heimsókn, syngja, segja sögur og færa börnunum gjafir. Að sjálfsögðu eru allir velkomnir.

## **Beðið eftir jólunum samverustund fyrir börnin, aðfangadag kl. 15.**

Aðfangadagur getur verið ákaflega lengi að líða fyrir yngstu kynslóðina. Til að stytta biðina og gefa börnunum tækifæri til að undirbúa hug og hjörtu fyrir helga hátíð verður barnaguðspjónusta þar sem sögð verður saga jólanna,

jólasöngvar- og sálmar sungnir auk þess sem brúðurnar og fjársjóðskistan verða á sínum stað. Í tilefni jóla fá svo allir litla jólagjöf frá kirkjunni. Samveran hefst kl. 15 og stendur í rúmlega hálfa klukkustund.

# Guðsþjónustur um jól og áramót í Seljakirkju

## 24. desember aðfangadagur jóla

- |           |   |
|-----------|---|
| kl. 11    | Guðsþjónusta í Seljahlíð<br>Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson prédikar.<br>Félagar úr Gerðurbergskórnum leiða safnaðarsöng.<br>Árni Ísleifsson annast undirleik.      |
| kl. 15    | Beðið eftir jólonum<br>jólastund barnanna.<br>prestar kirkjunnar leiða stundina.  |
| kl. 18    | Aftansöngur<br>Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson prédikar<br>Schola Cantorum syngur.<br>Kórinn mun einnig syngja jólasálma frá kl. 17.30                              |
| kl. 23:30 | Miðnæturguðsþjónusta<br>Sr. Bryndís Malla Elidóttir prédikar<br>Kór Seljakirkju syngur<br>Egill Ólafsson syngur: „Ó helga nótt“<br>Jólatónlist leikin frá kl. 23. |

## 25. desember jóladagur

- |        |  |
|--------|--|
| kl. 14 | Hátíðarguðsþjónusta<br>Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson prédikar<br>Kór Seljakirkju syngur                      |
| kl. 16 | Guðsþjónusta í Skógarbæ<br>Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson prédikar.<br>Félagar úr Kór Seljakirkju leiða söng. |

## 31. desember gamlársgangur

- |        |  |
|--------|--|
| kl. 18 | Aftansöngur<br>Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson prédikar<br>Kór Seljakirkju syngur. |
|--------|--|

## 1. janúar nýársdagur

- |        |   |
|--------|---|
| kl. 14 | Guðsþjónusta - Altarisganga<br>Sr. Bryndís Malla Elidóttir prédikar<br>Kór Seljakirkju syngur             |
| Kl. 16 | Guðsþjónusta í Skógarbæ<br>Sr. Bryndís Malla Elidóttir prédikar<br>Félagar úr Kór Seljakirkju leiða söng. |

Organisti við guðsþjónusturnar er Tómas Guðni Eggertsson

Sjá, himins opnast hlið,  
heilagt englalið,  
fylking sú hin fríða  
úr fagnaðarins sal,  
fer með boðun blíða  
og blessun lýsa skal  
:: yfir eymdadal. ::

Í heimi' er dimmt og hljótt,  
hjarðmenn sjá um nótt  
ljós í lofti glæðast,  
það ljós Guðs dýrðar er,  
hjörtu þeirra hræðast,  
en Herrans engill tér:  
:: "Óttist ekki þér. ::

Með fegins fregn ég kem:  
Fæðst í Betlehem  
blessað barn það hefur,  
er birtir Guð á jörð,  
frið og frelsi gefur  
og fallna reisir hjörð.  
:: Þökk sé Guði gjörð." ::

Já, þakka, sál mín, þú,  
þakka' og lofsyng nú  
fæddum friðargjafa,  
því frelsari' er hann þinn,  
seg þú: "Hann skal hafa  
æ hjá mér bústað sinn,  
:: vinur velkominn." ::

Ó, Guðs hinn sanni son,  
sigur, líf og von  
ris með þér og ræstist,  
þú réttlætisins sól,  
allt mitt angur bætist,  
þú ert mitt ljós og skjól.  
:: Ég held glaður jól. ::

Á hæstri hátíð nú  
hjartafölginn trú  
honum fagni' og hneigi,  
af himni' er kominn er,  
sál og tunga segi  
með sælum englaher:  
:: "Dýrð sé, Drottinn, þér." ::

*Björn Halldórsson - sb. 88*



Safnaðartíðindi Seljasóknar  
35. árg. 2. töl. Aðventa og jól 2014  
Seljakirkja  
Hagaselí 40, 109 Reykjavík. s: 567 0110  
Ritstjórn og ábyrgð: Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson.  
Utlitshönnun: Gísli B. Björnsson  
Prentun: Svansprent hf.  
Upplag: 3000 eintök.